

Nd.

579. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða og árleg leiga eða eftirgjöld fyrir þau sé undir 5% af fasteignamatsverði. Sé árleg leiga eða eftirgjald undir 5% en yfir 31½% af fasteignamatsverði, greiðist skatturinn að þriðjungí af leigjanda og tveimur þriðjungum af eiganda, en sé árleg leiga eða eftirgjald eigi yfir 31½% af fasteignamatsverði, greiðist skatturinn allur af leigjanda.

2. Við 4. gr. Á eftir 1. málslið komi: sbr. þó 2. gr.